

SagaFilm  
Arnar Benjamín Kristjánsson  
Urðarhvarf 14  
203 Kópavogur

Akureyri, miðvikudagur, 24. júlí 2024  
UST202407-168/D.Ö.H.  
09.04.00

### Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Arnar Benjamín Kristjánsson f.h. SagaFilm, dagsett þriðjudaginn, 9. júlí 2024, um kvikmyndatöku með dróna á eftirtöldum svæðum.

- Djúpalónssandur innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs.
- Dynjandi.
- Dyrhólaey.
- Fjallabak.
- Hveravellir.
- Kerlingafjöll.

Svæðin eru friðlýst og þar gilda reglur skv. eftirfarandi:

**Dynjandi** er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 348/1971](#). Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt umgengnisreglum svæðisins er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum (drónum) innan náttúruvættisins á tímabilinu 1. maí - 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

**Dyrhólaey** er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

**Friðlandið að Fjallabaki** er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er rekstur hesta einungis heimill á megin reiðleiðum en óheimill á þeim leiðum þar sem aðeins er gert ráð

fyrir að farið sé um með einn hest til reiðar. Óheimilt er að beita hestum í friðlandinu. Kvikmyndataka ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

**Hveravellir** eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 240/1975](#). Mannvirkjagerð öll og jarðrask á svæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

**Kerlingarfjöll** eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. [auglýsing nr. 822/2020](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi. Óheimilt er að raska hverum og öðrum uppsprettum á svæðinu. Óheimilt er að hafa áhrif á lífríki sem tengist hverum og öðrum heitum uppsprettum nema með leyfi. Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi á svæðinu án samnings um slíka starfsemi við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélag. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

**Snæfellsjökulspjóðgarður** er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Óheimilt er að lenda flugvélum, þyrlum og öðrum mönnum loftförum utan skilgreindra landingarstaða innan þjóðgarðsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna/flugmódelar) er óheimil á búsvæðum fugla á varptíma innan þjóðgarðsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Aðrar náttúrufræðisrannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. Heimilt er að halda við mannvirkjum sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar. Til að stuðla að sjálfbærri starfsemi í þjóðgarðinum er öll starfsemi sem krefst aðstöðu innan þjóðgarðsins háð leyfi og eftirliti Umhverfisstofnunar. Starfsemi innan þjóðgarðsins skal vera í samræmi við gildandi atvinnustefnu þjóðgarðsins hverju sinni. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna

sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Jafnframt var sótt um leyfi til myndatöku við Látrabjarg en hætt var við þá staðsetningu í t.p. d.s. 18.7.2024. Jafnframt var sótt um leyfi til myndatöku í Löngufjörum og við Kirkjufell en umsækjandi var upplýstur um að svæðin væru ekki í umsjón Umhverfisstofnunar með símtali þann 16.7.2024. Umsækjanda var bent á að hafa samband við landeigendur.

### **Lýsing verkefnis:**

Myndataka fer öll fram með drónum. Teknar eru myndir af tveimur jeppum sem aka eftir vegum, ekkert verður farið út fyrir vegi. Ekki er gert ráð fyrir raski vegna verkefnisins. Starfsmenn verða 3-4.

Verkefnið er veðurháð og því ekki nákvæmlega dagsett en fer fram á tímabilinu 15. ágúst til 20. september, að teknu tilliti til fuglalífs.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni verkefnið ekki líklegt til að hafa áhrif á náttúrufar svæðanna en mögulega verða neikvæð tímabundin áhrif á upplifun gesta. Mikilvægt er að taka tillit til umferðar á svæðunum og reyna að stilla tókutíma af svo að áhrif á gesti verði sem minnst. Jafnframt er mikilvægt að tókur á Djúpalónssandi fari fram snemma að morgni eða seint að kvöldi vegna mikillar umferðar bíla á svæðinu.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir SagaFilm fyrir sitt leyti leyfi fyrir tókum með dróna á þeim svæðum sem talin eru upp í umsókn og sbr. lýsingu hér að ofan. Leyfið gildir á tímabilinu frá 15. ágúst til 30. september að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

### **Kvikmynda/ljósmyndaleyfi í atvinnuskyni með/án dróna og með/án aksturs utan vega og innan Hornstranda**

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanna Umhverfisstofnunar á svæðunum hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæða tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðin snemma morguns og síðdegis.

- Ekki er veitt leyfi til að stöðva umferð meðan á tókum stendur.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýstra svæða.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerðar er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Valdimar Kristjánsson  
**svæðissérfræðingur**

Davíð Örvar Hansson  
**sérfræðingur**